




Viðbótarskýrsla við fornleifaskráningu á
Fljótsdalshéraði vegna fyrirhugaðrar lagningar
háspennulínu á Eiðum, frá Kirkjumiðstöð
Austurlands til Tjarnarlands

Rannveig Þórhallsdóttir
Bjarni F. Einarsson
2018

Forsíðumyndin er af Selfljóti og hluta breytts svæðis línulagnar fyrir neðan þjóðveg
nr. 94 (Ljósm. RP 2018).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Rannveig Þórhallsdóttir, Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Rarik ehf.
September 2018



Mynd 1. Breytt strengleið á leiðinni Kirkjumiðstöð Teigarhorn, merkt inn með bleiku, sú strengleið sem skráð hafði verið áður er merkt inn með gulri strikalinu.

Inngangur

Að beiðni Rarik ehf. kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið háspennulínu frá landi Kirkjumiðstöðvar Austurlands yfir að Tjarnarlandi. Sú fornleifaskráning birtist í skýrslunni *Fornleifaskráning á Fljótsdalshéraði vegna fyrirhugaðrar lagningar háspennulínu á Eiðum, frá Kirkjumiðstöð Austurlands til Tjarnarlands* (Rannveig Þórhallsdóttir, Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan, júlí 2018). Samkvæmt umsögn frá Minjaverði Austurlands (MÍ201805-0152) þurfti að hnika línunni á tveimur stöðum (Garður og Landamarkagarður) til að komast hjá því að rústum á þessum svæðum yrði raskað. Var línán færð fyrir neðan veg nr. 94 að hluta og er hluti af breyttu línulögninni í aflögðum þjóðvegi. Er breytt lagnaleið sýnd á mynd 1, merkt með bleiku en sú leið sem hafði áður verið fornleifaskráð með gulri strikalinu og tvær minjar merktar inn með rauðu. Starfsmaður Fornleifafræðistofunnar, Rannveig Þórhallsdóttir, fór á vettvang með fulltrúa verkkaupa, Haraldí Klausen þann 27. september sl., til að fornleifaskrá nýja leið og eru niðurstöður þeirra skráningar hér fyrir neðan.

Skráningin

Kannað var svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralögn, allt að 15 m hvoru megin. Gengið var eftir öllu svæði nýju línulagnarinnar og fundust engar fornleifar á því svæði. Einnig voru skoðaðar heimildir (túnakort og örnefnaskrár) tengt jörðunum Hjartarstaðir I og II, en hluti af lagnaleiðinni liggur yfir tún Hjartarstaða II þó að lagnaleiðin liggi ekki heim að bæjarstæðum bæjanna. Samkvæmt örnefnaskrá sem Eiríkur Eiríksson skráði 1970 er talsvert um fornleifar í landi Hjartarstaða I og II (til að mynda Brynhildarhóll - sögð ef til vill vera hofþótt í örnefnaskrá og er sunnan af Hjartarstöðum II), en engin ummerki um fornleifar fundust við skoðun á túninu sem um ræðir.

Niðurstaða

Engar fornleifar fundust á breyttu lagningarsvæði háspennulínunnar.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Rannveig Þórhallsdóttir og Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning á Fljótsdalshéraði vegna fyrirhugaðrar lagningar háspennulínu á Eiðum, frá Kirkjumiðstöð Austurlands til Tjarnarlands.* Fornleifafræðistofan. Seyðisfirði 2018.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi. II. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, 1975.

Túnakort fyrir Hjartarstaði, Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu.

Örnefnaskrár fyrir Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá (Hjartarstaðir I og II). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.